

Reginn hf.

Hluthafafundur 9. september 2020

Dagskrá og tillögur fyrir hluthafafund Regins hf. sem haldinn verður í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Rímu fundarsal, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, miðvikudaginn 9. september 2020 og hefst stundvíslega kl. 16:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Heimild til handa stjórn til hækkunar hlutafjár.

Stjórn Regins hf. leggur til breytingar á 4. gr. samþykka félagsins þess efnis að við greinina bætist heimild til handa stjórn félagsins til að auka hlutafé þess um allt að kr. 40.000.000 að nafnverði. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjareign sína. Heimildin skal falla niður þann 10. mars 2021.

2. Önnur mál.

1) Heimild til handa stjórn til hækkunar hlutafjár.

Stjórn Regins hf. leggur til við hluthafafund félagsins að stjórn verði veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins með því að eftirfarandi grein verði bætt við samþykktir félagsins sem 2. mgr. 4. gr.:

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að 40.000.000 kr. að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Heimildin skal nýtt til að viðhalda eiginfjár- og lausafjárstöðu félagsins í kjölfar arðgreiðslu vegna rekstrarársins 2019. Hluthafar skulu hafa forgang til þess að skrá sig fyrir hinum nýju hlutum. Stjórn félagsins skal ákveða nánar kaupgengi og söluskilmála hlutanna. Engar hömlur skulu vera á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu þeir vera í sama flokki og með sömu réttindum og aðrir hlutir í félaginu. Hlutirnir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessi skal falla niður þann 10. mars 2021 að svo miklu leyti sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir þann tíma.“

Greinargerð

Á aðalfundi Regins hf. 11. mars sl. var samþykkt að greiddur yrði arður til hluthafa vegna rekstarársins 2019 að fjárhæð 535 millj. kr. og skyldi arðgreiðsludagur vera 27. s.m. Aðeins nokkrum dögum eftir aðalfundinn varð ljóst að COVID-19 myndi að öllum líkindum mjög setja mark sitt á efnahagslíf ársins 2020, þó líklegt umfang áhrifanna væri óljóst. Með hliðsjón af því sem fram kemur í arðgreiðslustefnu Regins hf. um að arðgreiðslur skuli taka mið af áhættu í umhverfinu, ákvað stjórn félagsins að fresta arðgreiðsludegi frá því sem áður hafði verið ákveðið, sbr. tilkynningu félagsins 23. mars sl. Þann 7. apríl sl. var síðan birt tilkynning um stöðu og horfur vegna áhrifa COVID-19. Meðal þess sem þar kom fram var að stjórn myndi boða til hluthafafundar, sem haldinn yrði eigi síðar en 11. september 2020, þar sem stjórn stefndi að því að leggja fram tillögu um breytta tilhögun arðgreiðslu, með þeim hætti að arður yrði greiddur með hlutafé í félaginu.

Eftir ítarlega skoðun, með ráðgjöfum félagsins, er það mat stjórnar að hvorki sé mögulegt að hætta við þá arðgreiðslu sem ákveðin var á aðalfundi félagsins þann 11. mars sl. né að greiða arðinn með hlutum í félaginu. Verður arðurinn því greiddur þann 11. september nk.

Þó svo að fjárhagsstaða Regins hf. sé sterk hefur félagið síðustu mánuði lagt kapp á að styrkja eiginfjár- og lausafjárstöðu félagsins til þess að það sé sem best í stakk búið til að mæta þeirri óvissu sem COVID-19 hefur í för með sér. Í því skyni, og með hliðsjón af því að óhjákvæmilegt er að greiða þann arð sem ákveðinn var á aðalfundi félagsins þann 11. mars sl., leggur stjórn til við hluthafafund að henni verði veitt framangreind heimild til að auka hlutafé félagsins til þess að lágmarka áhrif arðgreiðslunnar á eiginfjár- og lausafjárstöðu Regins hf.

2) Önnur mál löglega upp borin.

Aðrar upplýsingar:

Framangreind dagskrá og tillögur auk skjala sem lögð verða fyrir hluthafafund eru hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Smáralind, 1. hæð, að Hagasmára 1, 201 Kópavogi. Einnig eru skjölin aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur.

Hluthafafundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogur, 19. ágúst 2020

Stjórn Regins hf.